

Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar uppbyggingarsjóðs 2021-2022

Starfsáætlunin tekur til vinnu úthlutunarnefndar vegna umsókna í Uppbyggingarsjóð í okt/nóv 2021, úthlutun í janúar 2022.

Nefndarfundir:

Nefndin heldur 6 fundi á starfstímabilinu og eru þeir að jafnaði haldnir í fjárfundi.

1. fundur, 6. september. Farið yfir hlutverk og skyldur nefndarinnar. Farið yfir matsblaðið og tryggt að það sé í takt við áherslur í sóknaráætlun. Ákvörðun um umsóknarfrest og kynning starfsmanna á ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur.

2. fundur, 17. nóvember. Starfs- og fjárhagsáætlun til staðfestingar. Starfsmenn vinna að því að vera tilbúin með öll gögn umsókna aðgengileg fyrir nefndina á Teams, ásamt tölfræðilegri greiningu og slíku. Kynning á nýju verklagi, þ.e. verkaskiptingu nefndarmanna þannig að færri umsóknir komi til yfirlestrar hvers og eins. Tveir og tveir vinni saman að yfirferð hluta umsókna. Farið aftur yfir verklagsreglur og matsblaðið, samræmingu mats á umsóknum og einkunnagjöf. Farið yfir úthlutunaráherslur og hvernig áætlað er að skipta heildarstyrkfjárhæð á milli áhersluflokka.

3. fundur 5. janúar kl. 10-12 og 13-15. Vinnufundur til yfirferðar umsókna og samræmingar einkunnagjafar. Áhersla á umsóknir í flokki menningar/umhverfismála.

4. fundur 6. janúar kl. 10-12 og 13-15. Vinnufundur til yfirferðar umsókna og samræmingar einkunnagjafar. Áhersla á umsóknir í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar/umhverfismála.

5. fundur 7. janúar kl. 10-12 og 13-15. Lokatillögur að úthlutun úr Uppbyggingarsjóði og undirbúningur fyrir úthlutunarhátíð. Að loknum 5. fundi skal formaður senda tillögur nefndarinnar að úthlutun til stjórnar SSNE til samþykktar.

6. fundur 14. janúar. Samantektarfundur í lokin þar sem við förum yfir það sem betur mætti fara, matsblaðið yfirfarið og verklagsreglurnar þegar þetta er enn ferskt í huga nefndarmanna. Vonandi er þá lokið stjórnarfundum SSNE þar sem tillögur okkar að úthlutun eru til samþykktar.

Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði fer fram þann 21. janúar. Úthlutunarathöfnin er í umsjón starfsmanna SSNE.

Með samþykki úthlutunarnefndar er formanni heimilt að boða ólaunaða fundi til viðbótar skipulögðum fundum. Minniháttar ákvarðanir sem snúa að umsóknum eða samningum má afgreiða með rafrænum hætti.

Gögn og úrvinnsla:

Þagmælsku skal gætt innan úthlutunarnefndar og óheimilt er að greina frá þeim atriðum sem leynt skulu fara. Að lokinni yfirferð yfir umsóknir skulu nefndarmenn senda einkunnablöð vegna úthlutunar til starfsmanna sjóðsins. Að því loknu skulu nefndarmenn eyða öllum gögnum sem þeir hafa aðgang að vegna vinnu sinnar í úthlutunarnefnd eða eigi síðar en 90 dögum eftir að tilkynnt hefur verið um úthlutun úr sjóðnum.

Fjárhagsáætlun – laun og annar kostnaður við úthlutunarnefnd:

Laun og launatengd gjöld:

Laun formanns vegna fundarsetu, 6 fundir	290.490 kr
Laun annarra nefndarmanna vegna fundarsetu, 6 fundir	968.280 kr
Laun nefndarmanna vegna almennra umsókna (220 umsóknir)	990.000 kr
Laun nefndarmanna vegna stofn- og rekstrarstyrkja (30 umsóknir)	180.000 kr
Launatengd gjöld (25% af heildarlaunum)	607.193 kr

Launagreiðslur samtals 3.035.963 kr

Annar kostnaður:

Kostnaður vegna úthlutunarhátíðar	450.000 kr
Annað (enginn fyrir séður viðbótarkostnaður)	0 kr

Samtals áætluð gjöld vegna úthlutunarnefndar 3.485.963 kr

Ekki er gert ráð fyrir aksturspeningum þar sem nefndarfundir eru að jafnaði fjárfundir.
Ekki er tekið til kostnaðar vegna vinnu starfsmanna SSNE vegna úthlutunar úr sjóðnum.

10. desember – endurskoðað miðað við fjölda umsókna

Katrín Sigurjónsdóttir, formaður

Laun og launatengd gjöld:

Laun formanns vegna fundarsetu, 6 fundir	290.490 kr
Laun annarra nefndarmanna vegna fundarsetu, 6 fundir	968.280 kr
Laun nefndarmanna vegna almennra umsókna (220 umsóknir)	625.500 kr
Laun nefndarmanna vegna stofn- og rekstrarstyrkja (30 umsóknir)	114.000 kr
Launatengd gjöld (25% af heildarlaunum)	607.193 kr

Launagreiðslur samtals 2.605.463 kr

Annar kostnaður:

Kostnaður vegna úthlutunarhátíðar	450.000 kr
Annað (enginn fyrir séður viðbótarkostnaður)	0 kr

Samtals áætluð gjöld vegna úthlutunarnefndar 3.055.463 kr